



## Vátryggingafélag Íslands hf.

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrri helming ársins 2017 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 24. ágúst 2017. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

### Helstu niðurstöður fyrri helmings ársins 2017

- Hagnaður tímabilsins nam 1.107 m.kr. samanborið við 238 m.kr. sama tímabil árið 2016.
- Bókfærð iðgjöld jukust um 16,7% frá sama tíma í fyrra.
- Kostnaðarhlutfall lækkaði í 20,8% úr 22,0% á sama tíma í fyrra.
- Samsett hlutfall var 95,4% en var 104,8% á sama tímabili í fyrra.
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 1.152 m.kr. samanborið við 636 m.kr. á sama tíma 2016.
- Hagnaður á hlut nam 0,50 krónum samanborið við 0,10 krónur fyrir sama tímabil 2016.
- Gjaldþolshlutfall félagsins í lok tímabilsins var 1,61.

### Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs 2017

- Hagnaður tímabilsins nam 917 m.kr. samanborið við 93 m.kr. sama tímabil árið 2016.
- Kostnaðarhlutfall var 21,3% en var 22,0% á sama tíma í fyrra.
- Samsett hlutfall var 84,2% samanborið við 105,1% sama tímabil árið 2016.

### Helgi Bjarnason forstjóri VÍS

„Annar ársfjórðungur var félaginu hagfelldur. Samsett hlutfall var 84,2% sem er með því lægsta sem við höfum séð um langt árabil og var afkoma viðunandi af flestum vátryggingagreinum á tímabilinu. Sá iðgjaldavöxtur sem við höfum séð síðustu misseri heldur áfram og er þar bæði um að ræða hærri meðaliðgjöld, en einnig ný viðskipti. Þannig eru eigin iðgjöld að vaxa um 15,6% frá sama tímabili í fyrra. Félagið hefur frá árinu 2015 unnið að breytingum á iðgjöldum til að bregðast við mikilli hækkun í tíðni tjóna og tjónakostnaðar. Því er niðurstaða fjórðungsins gleðiefni og vonast er til að farið sé að draga úr þeirri miklu hækkun tjónakostnaðar sem verið hefur undanfarna ársfjórðunga.“

### Horfur

Gert er ráð fyrir ágætum iðgjaldavexti á árinu 2017 og er reiknað með að samsett hlutfall verði á bilinu 95-98%.

### Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, þann 25. ágúst n.k. kl. 8:30. Þar mun Helgi Bjarnason forstjóri kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vef VÍS ([vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestafundur](http://vis.is/vis/fjarfestar/fjarfestafundur)). Þar verður einnig hægt að nálgast kynningarefni og upptöku að fundi loknum.

Hluthafar og fjárfestar eru hvattir til að mæta á fundinn til að kynna sér uppgjörið, eða hafa samband við samskiptastjóra félagsins vilji þeir óska eftir fundi til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

### Fjárhagsdagatal

<u>Viðburður</u>	<u>Dagsetning:</u>
2. ársfjórðungur	24. ágúst 2017
3. ársfjórðungur	24. október 2017
Ársuppgjör 2017	8. vika 2018

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Andri Ólafsson samskiptastjóri í síma 660-5105 og í netfangi [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur annars ársfjórðungs 2017

	m.kr.	2F 2017	Δ % 2F 2016	6M 2017	Δ %	6M 2016
Rekstur	lögjöld tímabilsins	5.141	15,3%	4.460	9.960	8.767
	Eigin iðgjöld	4.969	15,6%	4.300	9.617	8.443
	Fjármunatekjur	475	137,5%	200	1.152	636
	<b>Heildartekjur</b>	<b>5.482</b>	<b>20,4%</b>	<b>4.554</b>	<b>10.851</b>	<b>9.162</b>
	Tjón tímabilsins	-3.105	-21,5%	-3.957	-6.618	-7.371
	Eigin tjón	-3.064	-13,7%	-3.549	-7.081	-6.933
	Rekstrarkostnaður	-1.248	13,2%	-1.102	-2.370	-2.191
	Virðisrýmun óe. eigna	0	0	0	0	0
	<b>Heildargjöld</b>	<b>-4.384</b>	<b>-6,8%</b>	<b>-4.703</b>	<b>-9.578</b>	<b>-9.216</b>
	<b>Hagnaður</b>	<b>917</b>	<b>886,0%</b>	<b>93</b>	<b>1.107</b>	<b>238</b>
Hlutföll	Tjónahlutfall	60,4%	-28,3%	88,7%	66,4%	84,1%
	Eigið tjónahlutfall	61,7%	-20,8%	82,5%	73,6%	82,1%
	Kostnaðarlutfall	21,3%	-0,7%	22,0%	20,8%	22,0%
	Endurtr.kostnaðarlutfall	2,5%	8,1%	-5,6%	8,1%	-1,3%
	<b>Samsett hlutfall</b>	<b>84,2%</b>	<b>-20,9%</b>	<b>105,1%</b>	<b>95,4%</b>	<b>104,8%</b>

	m.kr.	30.6.2016	31.12.2016	
Efnahagur	<b>Eignir</b>			
	Fjárfestingar	31.721	33.069	
	Handbært fé	945	1.063	
	Viðskiptakröfur	8.497	5.706	
	Hlutdeildarfélag	2.054	0	
	Aðrar eignir	5.790	6.485	
	<b>Eignir samtals</b>	<b>49.007</b>	<b>46.323</b>	
	<b>Skuldir</b>			
	Eigið fé	16.455	16.371	
	Víkjandi skuldabréf	2.601	2.574	
	Vátryggingaskuld	27.185	24.936	
	Aðrar skuldir	2.766	2.442	
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>49.007</b>	<b>46.323</b>	
	Hlutföll	Eiginfjárlutfall	33,6%	35,3%
		Arðsemi eigin fjár	14,0%	8,6%
		Gjaldþolshlutfall samstæðu (SII)	1,61	1,72

## Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.